

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í gegnum umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 10. apríl 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um innviðafélag, 535. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. mars sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent ofangreint mál til umsagnar.

Með stofnun innviðafélags kann að skapast traustur farvegur fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta í innviðaverkefnum, íslensku samfélagi til hagsbóta.

Aðgreining verkefna

Eins og fram kom í umsögn LL um drög að frumvarpi um stofnun innviðafélags, dags. 9. febrúar sl., er mikilvægt að verkefni séu sett upp með þeim hætti að fjárfestar geti tekið afstöðu til þátttöku í hverju og einu þeirra. Slíkt fyrirkomulag gerir forsendur skýrari allt frá upphafi og eykur gagnsæi við mat á viðkomandi fjárfestingu. Óheppilegt er að safna mörgum verkefnum saman í eitt eignarhaldsfélag enda kunna ólíkar skoðanir að vera uppi um hvaða verkefni séu álitleg sem fjárfestingarkostur og hver ekki. Telja LL að af þessu leiði óhjákvæmilega að setja þurfi hverja framkvæmd í sérstakt félag sem er óháð öðrum félögum samstæðunnar um fjármögnun.

Þessu tengt er afar mikilvægt að fjárfestar sem koma að fjármögnun dótturfélaga innviðafélagsins geti haft aðkomu að skipan stjórna dótturfélaganna.

Skýrar forsendur arðsemismarkmiða

Þá ítreka LL það sem fram kom í fyrri umsögn samtakanna að fjalla mætti um arðsemismarkmið innviðafélagsins í lögum. Ljóst er að slíkar forsendur þurfa að liggja fyrir við mat á viðkomandi fjárfestingu. Slík umfjöllun, þar sem tekið væri tillit til sjónarmiða á borð við áhættu, eðli fjárfestingar, vaxtatækifæra og líftíma, kynni að vera til þess fallin að auka áhuga stofnanafjárfesta á þátttöku í verkefnum félagsins.

Að þessu sögðu leggja LL áherslu á að lífeyrissjóðir eru með ólíkt áhættusnið og mun hver og einn þurfa að leggja sjálfstætt mat á fýsileika fjárfestingar í innviðaframkvæmdum.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri